

Starfsábyrgðartrygging endurskoðenda er lögboðin váttrygging sem byggir á lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og reglugerð nr. 1010/2020. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

**Váttryggður** er sá endurskoðandi sem skráður er á váttryggingarskírteini.

**1. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Váttryggingin gildir ekki um kröfur sem kunna að verða gerðar fyrir dómstólum í Bandaríkjum eða Kanada.

**2. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem löggiltan endurskoðanda þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til starfa váttryggðs eða starfsmanns hans, sbr. 8. gr. laga nr. 94/2019.

**3. gr. Undanþágur**

Váttryggingin tekur ekki til:

- Ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem löggilts endurskoðanda.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Endurskoðunarstarfa váttryggingartaka utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem þar gilda um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.
- Bótaskyldrar háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

**4. gr. Tímatakörk**

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

**5. gr. Sérregla um uppsögn**

Váttryggingunni lýkur hafi leyfi váttryggðs til að gegna störfum endurskoðanda verið fellt niður eða hafi hann lagt inn starfsleyfi sitt. Falli váttrygging niður án þess að önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin ber félaginu að tilkynna það til endurskoðendaráðs. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni, sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til 8 vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggingartaka og endurskoðendaráði að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2021**